

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 321/1990. **H**

(Andri Árnason hdl.)

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík**

**f.h. borgarsjóðs**

(Magnús Óskarsson hrl.).

Skaðabótamál. Líkamstjón. Sjúkrahús.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1990. Endanlegar dómkröfur hans fyrir Hæstarétti eru svo-felldar:

„Aðalkrafa, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda 5.320.626 kr. ásamt 9% ársvöxtum frá 15. janúar 1987 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þ. d. til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þ. d. til 14. apríl 1987, en með drv. skv. III. kafla l. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988, og myndi þar með nýjan höfuðstól dráttarvaxtaútreiknings.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. mati Hæstaréttar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og að við það verði tekið tillit til þess, að áfrýjandi er ekki virðisaukaskattskyld.

Fyrsta varakrafa, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda sömu fjárhæð og með sömu vöxtum og í aðalkröfu, þó þannig, að frá 14. apríl 1987 er krafist hæstu almennra innlánsvaxta hvers tíma skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands til 1. nóvember 1987, en með drv. skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags auk málskostnaðar svo sem krafist er í aðalkröfu. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. nóvember 1988.

Önnur varakrafa, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda aðra lægri fjárhæð að mati réttarins, aðallega með vöxtum svo sem kraf-

ist er í aðalkröfu, en til vara vöxtum skv. mati réttarins, sbr. 15. gr., sbr. 7. gr. l. nr. 25/1987 um vexti, auk málskostnaðar svo sem krafist er í aðalkröfu.“

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi slasaðist, er hún reyndi að strjúka af geðdeild Borgarspítalans með því að þröngva sér út um glugga á línherbergi, sem er á annarri hæð A-álmu spítalans. Fram er komið, að hún vanmat hæðina frá glugganum og niður á jörð.

Geðdeild Borgarspítalans og aðbúnaði þar er lýst í læknisvottorði á þessa leið:

„...“

Taka ber sérstaklega fram, að geðdeild Borgarspítalans er ekki, fremur en aðrar geðdeildir landsins, þannig útbúin, að hún teljist mannheld. Hún er ekki útbúin á neinn hátt sem öryggisgæsludeild, enda ekki ætlað slíkt hlutverk. Hins vegar er leitast við að mæta lágmarksöryggiskröfum með tilliti til hegðunarafbrigða, er fram geta komið hjá geðsjúku fólki. Deildin er á 2. hæð A-álmu Borgarspítalans. Aðalinngangur hennar er um vængjadyr fram í aðalskála. Í hurðarvængjunum er plexigler, en á þeim einföld læsing. Dyrnar eru oftast læstar og ávallt gæsla við þær að innan. Gluggar eru þannig úr garði gerðir, að ekki er unnt að falla út um þá af slysní. Rimlar eru hvergi fyrir gluggum nema á einum salernisglugga. Um annan öryggisútbúnað er ekki að ræða, og er deildin því í engu frábrugðin því, sem gerist á geðdeildum ríkisspítalanna og geðdeild F.S.A.

Almennt gildir það um sjúklinga deildarinnar, að þeim er heimilt að ganga um deildina og út af henni eins og á öðrum deildum spítalans.

Sé talið nauðsynlegt að viðhafa sérstaka aðgát við umönnun sjúklings, er hún framkvæmd þannig, að sjúklingi er óheimilt að víkja út af deildinni.

Ef hins vegar er talið, að sjúklingur sé sjálfum sér eða öðrum hættulegur, er einum starfsmanni deildarinnar falið að fylgjast með sjúklingnum, og í einstökum undantekningartilfellum hefur reynt nauðsynlegt að fá til þessa starfs óeinkennisklædda lögreglumenn.

Á þeim tíma, er H slasaðist, var mönnun deildarinnar með eðli-  
legum hætti.

Línherbergi það, er sjúklingur fór um, er að jafnaði ekki læst, enda hafa sjúklingar þar aðgang að sjúkrafatnaði.“

Aðilar hafa byggt málflutning sinn fyrir Hæstarétti á þessari lýsingu. Áfrýjandi heldur því fram, að gæslu hennar hafi verið ábótavant miðað við, hversu veik hún var, og að þess hafi ekki verið gætt að hafa á þann öryggisbúnað, sem var á glugga línherbergisins. Vitnar áfrýjandi til greina 6.3.3. og 6.3.4. í byggingarreglugerð nr. 292/1979 máli sínu til stuðnings. Er því haldið fram, að þetta hafi freistað áfrýjanda til að reyna útgöngu um gluggann.

Læknir áfrýjanda hafði fyrirskipað, að með henni skyldi höfð „sérstök aðgát“. Samkvæmt framburði læknis áfrýjanda og yfirlæknis deildarinnar felst í því, að komið skyldi í veg fyrir, að hún færi út af deildinni. Fram er komið, að skömmu fyrir slysið hafði henni verið bægt frá útgöngudyrum deildarinnar. Áfrýjandi hefur hvorki sýnt fram á, að fyrirmæli læknisins hafi verið í ósamræmi við ástand hennar né að gæsla hennar hafi verið með öðrum hætti en til var ætlast.

Í héraðsdómi er lýst því álitu, að auðveldlega hafi mátt losa um öryggispinna gluggans, svo að hann opnaðist nægilega, til þess að komast mætti út um hann, væri ásetningur fyrir hendi. Hefur því álitu ekki verið hnekk fyrir Hæstarétti. Ekki er fram komið, að starfsfólk deildarinnar hafi mátt ætla, að áfrýjandi reyndi að fara út um gluggann. Verður að telja, eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á aðgæsluleysi starfsfólksins eða einhvern galla á búnaði deildarinnar á þann veg, að baki spítalanum skaðabótaskyldu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1990.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af H, fæddri 1962, ....., með stefnu, birtri 31. maí 1989, á hendur borgarsjóði Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.500.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

## II.

### *Málavaxtalýsing stefnanda.*

Stefnandi kveðst hafa verið haldinn geðsjúkdómi, og 13. janúar 1987 hafi hún verið lögð inn á geðdeild Borgarspítalans. Við komu á deildina hafi hugsanagangur verið slitróttur, og hafi stefnandi verið haldinn ofsóknarhugmyndum og mikilli hræðslu. Hafi hún ekki viljað vistast á deildinni, en þó gert það fyrir fortölur starfsfólks deildarinnar og foreldra og með lyfjagjöf.

Að kvöldi 14. janúar 1987, sé talið, að stefnandi hafi sofnað, en vaknað aftur um miðja nótt. Talið sé, að undir morgun hafi stefnandi í óráði og undir áhrifum lyfja ráfað inn í línherbergi, en á því hafi verið opnanlegur gluggi. Hafi hún í óráði sett sig út um gluggann og fallið niður á gangstétt, þar sem hún fyrir tilviljun hafi fundist á tímabilinu 6.00 til 6.30 af vaktmanni, sem hafi verið á gangi inni á spítalanum, þegar hann sá mannveru milli bíla á bifreiðastæði austan við spítalann. Hafi þetta verið stefnandi. Hafi hún þá verið fótbrotin gegnum hælbein og brotnir hryggjarliðir og úr lagi gengnir.

Af þessum áverkum, sem stefnandi fékk í fallinu, hafi hún hlotið örorku, sem metin hafi verið 100% í þrjá mánuði, 65% í aðra þrjá mánuði og varanlega örorku 35%.

### *Málsástæður stefnanda.*

Stefnandi hafi verið lagður inn á geðdeild Borgarspítalans mjög illa haldinn af geðveiki. Í óráði sínu hafi hún alls ekki viljað vistast á deildinni, en gert það fyrir fortölur móður sinnar og starfsfólks deildarinnar, enda komin á deildina til þess að fá vernd og öruggt skjól og lækningu. Hafi hún á þessum tíma verið haldin hræðslu við ímyndaða „mafiu“ og því þurft á gæslu að halda, meðan svo stóð. Geðdeildin á Borgarspítalanum sé lokuð deild, svo sem vera beri á slíkri stofnun, og beri starfsfólki að sjá svo um, að sjúklingar fari sér ekki að voða.

Þá sé gerð krafa um, að húsið sjálft eða húsnæðið sé mannhelt, svo að geðsjúklingar, sem þar hafi verið vistaðir, geti ekki í óráði fleygt sér út um glugga eða farið sér að voða á annan hátt.

Svo hafi ekki verið um hnútana búið, er stefnandi var vistaður þarna,

og hafi hún virst geta gengið um húsnæðið eftirlitslaust og komist inn í línherbergi, þar sem gluggaumbúnaður var bilaður eða ekki í forsvaranlegu standi, og því hafi stefnandi komist út.

Starfsmenn á geðdeild hafi ekki orðið varir við hvarf stefnanda, heldur hafi vaktmaður fundið hana slasaða fyrir neðan gluggann á línherberginu, og sé ekki vitað með vissu, hve lengi hún hefur legið þar á köldum janúarmorgni. Megi því teljast mikil mildi, að stefnanda kól ekki í hel á spítalastéttinni.

Geðsjúkdómur stefnanda hafi nú rjátlast af henni, og hún vinni nú í sölu-skála í ....., en sé illa haldin af bæklun sinni, sem hún hlaut við fallið út um glugga á geðdeild Borgarspítalans.

Eftirtektarvert sé, að skýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. nr. 3 sé gerð fyrir beiðni föður stefnanda eftir rúmlega tvo sólarhringa, frá því að tjónsatburðurinn gerðist. Spítalayfirvöld hafi ekki farið fram á neina rannsókn sjálf eða gert neina sjálfstæða rannsókn á atburðinum.

Vottorð geðlæknisins á dskj. nr. 5 sé ekki gefið fyrir en 40 dögum eftir tjónsatburðinn, og lýsi þetta vottorð aðdraganda atburðarins. Á dskj. nr. 7 sé vottorð læknis slysadeildarinnar um áverka, er stefnandi hlaut við atburðinn.

Í vitnaskýrslu Reynis Karlssonar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. nr. 6 megi sjá, að það var nánast fyrir tilviljun, að hann varð var við stefnanda, þar sem hann sá hana á milli bíla á bifreiðastæðinu. Var hún þá orðin bláleit af kulda, svo ekki dugði neitt að tala við hana.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

— — —

#### *Lagarök stefnanda.*

Stefnandi vísar til meginreglu skaðabótaréttarins, culpa-reglunnar, þar sem tjón stefnanda sé sennileg afleiðing saknæmrar og ólögætrar hegðunar starfsmanna stefnda, og sé þá átt við trassaskap þeirra, hirðu- og kæruleysi við læknismeðferð, gæslu og eftirlit með mikið veikum sjúklingi svo og vanrækslu við að hafa öryggislæsingar á gluggum í lagi.

Um ábyrgð borgarsjóðs á starfsmönnum Borgarspítalans vísast til reglunnar um húsbóndaábyrgð á tjóni, er starfsmaður hans veldur með hirðuleysi og undir sakarregluna fellur.

Vísast er til læknalaga nr. 53/1988, m. a. 7. gr. og 9. gr., og til byggingarreglugerðar frá 1979, m. a. 6.3.3., um hverfiglugga.

#### *Málsástæður stefnda.*

Stefndi kveður stefnanda byggja mál þetta á þeim misskilningi, að til séu sjúkrahús hér á landi, rammgirt og lokuð sem fangelsi, þar sem ábyrgð

sé tekin á því, að enginn fari sér að voða, ekki einu sinni þeir, sem það insetja sér. Þetta sé víðsfjarri raunveruleikanum. Engar slíkar mannheldar deildir sé að finna á íslenskum sjúkrahúsum, enda samræmist það ekki nútímalæknismeðferð.

Geðdeild Borgarspítalans sé ekki fremur en aðrar geðdeildir þannig gerð, að hún teljist mannheld. Hún sé ekki útbúin á neinn hátt sem öryggisgæsludeild, enda ekki ætlað slíkt hlutverk. Þar sé hins vegar leitast við að svara kröfum um öryggi með tilliti til hegðunarafrögðra, er fram geti komið hjá geðsjúku fólki, sbr. umsögn Ingvars Kristjánssonar geðlæknis á dskj. nr. 19.

Ekkert sé fram komið um það, að meðferð sú, er stefnandi fékk á geðdeild Borgarspítalans, hafi verið frábrugðin því, sem almennt gerist í slíkum tilfellum, eða að henni hafi verið ábótavant í tilteknum atriðum. Sú umönnun og gæsla, er stefnandi naut, hafi verið studd læknisfræðilegu mati á sjúkdómsástandi hennar fyrir slysið. Það mat hafi ekki verið vefengt, og því verði ekki hnekkt nema með læknisfræðilegu álitu, sem hvergi er að finna í gögnum málsins.

Sem fyrr segi, sé geðdeild Borgarspítalans ekki þannig útbúin, að ókleift sé að brjótast út af henni, ef menn vilji. Öll almenn öryggisatriði séu þar hins vegar og hafi verið, er stefnandi slasaðist, í fullkomnu lagi og í samræmi við reglur. Eigi það m. a. við um glugga þann, er stefnandi braust út um. Hafi þannig verið frá honum gengið, að ekki hafi verið unnt að falla út um hann í ógáti eða af slysi, en hins vegar hafi verið unnt að gera það af ásetningu, eins og stefnandi hljóti að hafa sýnt. Felist í því engin vanræksla af hálfu starfsmanna stefnda, þótt stefnandi hafi með einhverjum hætti komið fram þeim vilja sínum að fara út um gluggann.

Á geðdeild Borgarspítalans liggja að jafnaði um 30-35 sjúklingar, misjafnlega mikið veikir. Geðsjúkdómar séu öðrum sjúkdómum fremur óútreiknanlegir og geti tekið óvænta stefnu. Til þess séu sjúkrahús að lækna fólk. Geðdeild Borgarspítalans gæti ekki sinnt þessum tilgangi sínum, ef hún meðhöndlaði alla sjúklinga sem fanga og héldi uppi vörslu, er gerði ráð fyrir, að allir gætu tekið upp á því að skaða sig viljandi. Starfslið geðdeildarinnar hafi hjúkrað stefnanda eins vel og það gat í samræmi við sjúkdómsgreiningu og viðurkenndar starfsreglur. Sé óhugsandi, að hjá þessu fólki sé að finna sök, er leiði til skaðabótaskyldu samkvæmt íslenskum rétti. Stefnandi byggi á því og engu öðru, að um slíka sök sé að ræða. Það standist ekki, og því beri að sýkna stefnda.

Kröfugerð stefnanda er mótmælt sem allt of hárr og órökstuddri í ýmsum greinum.

Við munnlegan málf lutning skýrði lögmaður stefnda mótmæli sín við fjárhæð kröfugerðar stefnanda þannig, að krafan væri allt of há og ekki

í tengslum við raunverulegan grundvöll, auk þess sem ekki sé nægilegt tillit tekið til andlegra veikinda stefnanda.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Stefnandi kom fyrir dóm til skýrslugjafar svo og lækarnir Ingvar Kristjánsson, geðlæknir á Borgarspítalanum, og Hannes Pétursson, yfir-læknir geðdeildar Borgarspítalans.

Málsatvik eru í sjálfu sér óumdeild, en ágreiningur er um það, hvort gluggi sá, sem stefnandi fór út um, hafi verið með öryggislæsing, þegar slysið varð.

Dómarinn fór á vettvang ásamt lögmönnum aðila og skoðaði umræddan glugga. Eftir slysið hefur verið sett á gluggann læsing, svo að hann var lokaður og læstur með lykli. Eftir nokkurn tíma tókst að finna lykil að glugganum, og var hann þá opnaður. Kom þá í ljós, að öryggispinni, sem er vinstra megin í gluggakarmi ofan miðju og á að koma í veg fyrir, að glugginn opnast meira en nokkra sentímetra, verkaði ekki. Eftir að öryggispinninn hafði verið stilltur, verkaði læsingin eins og til var ætlast.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að umrædda nótt hefði hún verið á stjái á ganginum, og hefði hún þá verið gripin óskaplegri hræðslu við fólk, sem henni fannst vera alls staðar á eftir sér. Hún hafi átt þá hugsun eina að koma sér út sem fyrst. Undir morgun hafi dyr út af deildinni verið opnaðar og einhver komið inn með Morgunblaðið. Hafi hún þá reynt að sæta lagi og komast út, en vaktmaður hafi stuggað við sér og læst. Hún hafi síðan heyrt glugga í línherbergi skella til og frá og hlaupið inn í línherbergið. Þar hafi umræddur gluggi verið opinn, og kvað stefnandi aðspurð, að öryggislæsing hefði ekki verið á, hún hefði ekkert þurft að eiga við hana. Aðspurð kvaðst hún ekki vita, hvernig eigi að losa um öryggispinna á slíkum gluggum. Stefnandi kvaðst hafa klifrað upp á syllu og troðið sér út um gluggann. Hún kvaðst hafa vanmetið hæðina niður og orðið undrandi, þegar hún kom síðar á staðinn með lögmanni sínum og sá, hversu hátt fallið var.

Með hliðsjón af framburði stefnanda, sem ekki var mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda, svo og af atvikum öllum og ástandi gluggans við vettvangsskoðun má telja líklegt, að glugginn hafi ekki verið fastur í öryggislæsing, þegar stefnandi kom að honum.

Samkvæmt byggingarreglugerð nr. 292/1979, lið 6.3.3., skulu hverfi-gluggar í svefnherbergisdeildum íbúðarhúsa ekki vera minna en einn metra frá gólfi og fast op ekki meira en 120 mm. Öryggiskeðja eða krókur skal að jafnaði vera fyrir ofan gluggann. Og í lið 6.3.4. segir m. a., að í íbúðarhúsum, sem eru meira en ein hæð, skuli komið fyrir öryggiskeðju eða

öðrum jafngóðum búnaði á þeim opnanlegum gluggum, sem börnum gæti annars stafað hættu af. Þá segir í lið 6.10.1.1., að um m. a. sjúkrahús skuli miða við þær reglur, er gilda um íbúðarhús, eftir því sem þær geta átt við að mati byggingarnefndar.

Ofangreindar reglur miða að því, að börn eða óvitar geti ekki skaðað sig með því að falla af slysi eða fyrir óvitaskap út um glugga. Ekki verður þó annað séð af reglugerðinni en gluggarnir megi vera þannig úr garði gerðir, að fullorðnir geti losað um öryggiskeðjuna eða krókinn. Virðast ekki gilda aðrar reglur um það fyrir sjúkrahús.

Gluggi sá, sem stefnandi fór út um, var þannig búinn, að hefði öryggisþinni verið í lagi, mátti tiltölulega auðveldlega losa um hann, væri ásetningur fyrir hendi, svo að glugginn opnaðist upp á gátt.

Það liggur fyrir, að stefnandi átti einungis eina hugsun, þegar hún kom að glugganum, þ. e. að koma sér út um hann. Þykir því ekki skipta meginmáli, hvort glugginn var fastur í öryggisþinna eða ekki, þar sem ásetningur stefnanda var sá að fara út um gluggann.

Á dskj. nr. 19, sem er bréf Ingvars Kristjánssonar geðlæknis til framkvæmdastjóra Borgarspítalans, kemur fram m. a., að stefnandi hafi greinilega verið haldinn ofsóknarhugmyndum, þegar hún var lögð inn á deildina 13. janúar 1987. Ekki voru talin hjá henni merki um sjálfsvígs- eða ofbeldishugmyndir. Að morgni næsta dags var ákveðið að viðhafa sérstaka aðgát við umönnun sjúklings.

Hannes Pétursson yfirlæknir skýrði svo frá fyrir dómi aðspurður, að í tilviki stefnanda hefði með orðunum „sérstakri aðgát við umönnun sjúklings“ verið átt við það að gæta þess að hafa útidyr lokaðar. Aðspurður kvaðst læknirinn ekki treysta sér til að fullyrða um öryggisútbúnað gluggans.

Ingvar Kristjánsson geðlæknir gaf svipaða skýringu á orðunum „sérstök aðgát við umönnun sjúklings“ í tilfelli stefnanda.

Í framburði beggja lækna kom þó fram, að almennt eru útidyr ýmist læstar eða varðmaður við þær. „Sérstök aðgát“ við umönnun stefnanda virðist því ekki fela í sér aðgát umfram það, sem almennt gerist á deildinni.

Samkvæmt gögnum málsins svo og framburði lækna tveggja, sem skýrslu gáfu fyrir dómi, er ljóst, að geðdeild Borgarspítalans telst ekki vera lokuð deild í þeim skilningi, að hún sé mannheld, enda þótt eftirlit með sjúklingum, sem á deildinni dveljast, sé meira en á almennum deildum sjúkrahúsa hér á landi. Það kom þó fram hjá læknum, að í ákveðnum tilvikum, þegar þörf er talin á, er höfð föst gát á sjúklingi, þ. e., að sjúklingur er undir stöðugu eftirliti starfsmanns deildarinnar.

Í tilviki stefnanda var af læknum ekki talin ástæða til að hafa slíkan gæslumann með henni. Ekki liggur fyrir, að ástand stefnanda hafi verið

þannig, þegar sú ákvörðun var tekin, að það gæfi tilefni til slíkrar gæslu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að umönnun stefnanda að öðru leyti, lyfjagjöf og önnur meðhöndlun, hafi eftir atvikum verið röng, þegar ákvörðun um hana var tekin.

Það liggur jafnframt fyrir, að stefnandi var ekki í sjálfsvígshugleiðingum og ásetningur hennar ekki að skaða sjálfa sig.

Verður því samkvæmt framansögðu ekki á það fallist, að kenna megi slysið trassaskap starfsmanna Borgarspítalans, hirðu- eða kæruleysi við lækni meðferð, gæslu- eða eftirlitsleysi með stefnanda ellegar vanrækslu við að hafa öryggislæsingu á umræddum glugga.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarsjóður Reykjavíkur, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, H, .....

Málskostnaður fellur niður.

---